

ÞETTA GERÐIST Í MAÍMÁNUÐI

ÁSGEIR ÁSGEIRSSON varð sjálf-
kjörinn forseti Íslands um
næstu fjögur ár.

Ólafur Thors forsætisráðherra og
Kristinn Guðmundsson utanríkis-
ráðherra fóru í opinbera heimsókn
til Vestur Þýskalands. Var þeim tek-
ið opnum örmum og alls staðar kom
í ljós vinátta í garð Íslendinga (6.,
7., 9., 10., 12., 13.)

Bodil Begtrup ambassador Dana
hér á landi lét af því embætti og
fluttist til Danmerkur. Hún hefir
verið fulltrúi þjóðar sinnar hér á
landi í sjö ár og getið sér bezta orð
og eignast marga vini. Við brott-
förina voru henni sýnd ýmis vin-
áttumerki.

VEÐRÁTTAN

Framan af mánuðinum var hlý-
indatið og þaut gróður upp. Má þar
til dæmis geta þess, að Austurvöllur í
Reykjavík var sleginn 8. maí. Um
miðjan mánuðinn gerði slæmt hret,
með fannkomu og frosti vestan lands
og norðan, en syðra gránuðu fjöll.
Annað hret kom undir mánaðarlokin.
Hafði þá dagana á undan gengið hita-
bylgja yfir Norðurland og komst hit-
inn yfir 20 stig á Akureyri. Af þessum
hita og rigningum til fjalla hljóp grið-
arlegur vöxtur í allar ár og flæddu þær
viða yfir bakka sína. Í Skagafirði
flæddi yfir allan Hólminn og var hann
sem stöðuvatn yfir að líta, en mergð
fugla, sem þar hafði orpið, missti
heimili sín. Árnar í Norðurárdal ollu
miklum spjöllum á veginum, og teppt-
ust bílferðir til Akureyrar. Ofan á
þetta kom svo hretið, með stórvíðri
um land allt. Skemmdist gróður mjög
og tré í skrúðgörðum syðra, sem voru
orðin allaufguð, visnuðu, en blóm eyði-
lögðust. Farið var að beita kúm viða
áður en þetta hret skall á og fé hafði
verið sleppt. Nú varð að taka fé á
hús. Sauðburður var að byrja, en ekki
mun hretið hafa valdið miklum lamba-
dauða. Stormurinn var af norðvestri
og hrakti hann allmikinn hafis upp
undir landið.



Ásgeir Ásgeirsson

AFLABRÖGÐ

munu víðast hafa verið léleg í þess-
um mánuði. Undir mánaðamótin fóru
togarar að sigla til Grænlands og var

þar uppgripa afli, en gæftir slæmar.
— Hrognkelsaveiði hefir ekki í manna
minnum verið jafn léleg á Suðurnesj-
um sem nú.

Fiskaflinn frá áramótum til apríl-
loka varð 179.488 smálestir og er það
um 20.000 lestum minna en á sama
tíma í fyrra, en heldur meira en árið
1954 (27.)

MANNALÁT


Frú Kristjana Iversen f. Söebeck
(andaðist vestan hafs).

1. Guðriður Þórarinsdóttir ekkja,
Syðribrú, Grímsnesi.
5. Hjálmar Ólafsson verkstjóri,
Norðfirði.
6. Stella J. P. Gunnarsson frú, Rvík.
7. Gunnar Ólafsson, Hæðarenda,
Grindavík.
8. Sigríður D. Árnadóttir, Sæbóli,
Fossvogi.
9. Ingólfur Sigurðsson bílstjóri, Rvík.
10. Elín Ingunn Friðfinnsdóttir hús-
frú, Valdastöðum, Kjós.
11. Þóra Jónsdóttir frú, Reykjavík.



Íslenzkar
konur
kveðja frú
Bodil
Begtrup
ambassador

Frá opinberu heim-
sókninni í Þýzka-
landi: Adenauer
kanslari, Ólafur
Thors forsætisráð-
herra, Theodor Heuss
forseti Þýskalands.



12. Karen Ísaksdóttir frá Grenjaðar-
stað.
13. Sigríður Steinsdóttir ljósmóðir,
Minnahofi, Rangárvöllum.
15. Þórhallur Jónasson stýrimaður,
Reykjavík.
16. Þorsteinn Guðmundsson klæðskeri,
Ísafirði.
19. Einar Kristinn Guðmundsson,
múrari, Reykjavík.
19. Magnús Jóhannesson verkstjóri,
Hafnarfirði.
26. Kristinn Kristinsson bakari,,
Reykjavík.
28. Margrét Jónsdóttir kennslukona
frá Spónsgerði.

SLYSFARIR

Vb. Grimur frá Húsavík var mjög
hætt kominn við Tjörnes. Bílaði vélín
og rak hann upp í brimgarð undir
háum klettum. Annan vélbát, Helga
Flóventson bar þar að og tókst honum
með snarræði að bjarga Grími út úr
brimskaflinum (12).

Enskur togari sigldi á strandferða-
skipið Herðubreið við bryggju í
Neskaupstað og laskaði það mikið
(16.)

Þriggja ára telpa datt út um glugga
á fjórðu hæð í Reykjavík og beið
bana (30. og 31.)

BÍLSLYS

Fjögurra ára telpa varð fyrir bíl í
Reykjavík og meiddist lífshættulega
(1.)

Bíll fór út af veginum hjá Brekk-
um í Holtum og valt þar ofan í gil.
Stúlka, sem var farþegi í honum slas-
aðist mikið á höfði (3.)

Bílaárekstrar í Reykjavík hafa orð-
ið um 200 fleiri á þessu ári heldur en
á sama tíma í fyrra (23.) Lögreglan
tók marga menn, sem voru ölvaðir við
akstur.

ELDSVOÐAR

Brann fiskimjölsverksmiðja í Grinda-
vík, en mjölgeymslu hennar tókst að
bjarga. Varð þarna mikið tjón (6.)

Garðhús brann í Kringlumýri í Rvík
og er ekki vitað um eldsupptök (10.)

Íbúðarhúsið á Lágu Kotey í Meðal-

landi brann til kaldra kola. Húsið var
autt vegna ábúandaskipta (24.)

Brann íbúðarhúsið að Uppsölum í

Miðfirði til kaldra kola. Einnig kvikn-

aði í fjósi og fjárhúsi, en þeim húsum
tókst að bjarga lítið skemmdum (30.)

ÍÞRÓTTIR

Sigurður Sigurðsson frá Akranesi
setti nýtt Íslandsmet í 500 metra
bringusundi í sundkeppni á Akureyri
(9.)


Á innanfélagsmóti ÍR og Ægis voru
sett fjögur íslensk met í sundi: Sig-
ríður Sigurbjörnsdóttir í 50 m flug-
sundi, sveit Ármanns í 4x100 m bringu-
sundi, Helgi Sigurðsson í 500 m skrið-
sundi og Ágústa Þorsteinsdóttir í 200
m skriðsundi (15.)

Knattspyrnufélagið Valur átti 45 ára
afmæli (17.)

Íslandsglíman var háð í Reykjavík
og varð Ármann J. Lárusson glímu-
kóngur. Nú voru 50 ár liðin síðan fyrst
var glímt um Grettisbeltið og höfuð
18 menn unnið það á þessum tíma,
og eru þeir allir á lífi, nema Sigurjón
Pétursson (18. og 19.)

Skákþingi Íslendinga lauk með því,
að Ingi R. Jóhannsson varð Íslands
meistari. Hann er nú 19 ára (23.)

Úrvalslíð knattspyrnumanna frá
Vestur Berlín kom hingað til þess að



Nýa prentvél Morgunblaðsins, fyrsta „rotation“-prentvél, sem til Íslands hefir komið.

keppa við íslensk knattspyrnufélög (24.)

Sundmeistaramót Íslands var háð og voru þar sett þrjú íslensk met: Pétur Kristjánsson í 10 m flugsundi, Ágústa Þorsteinsdóttir í 100 m skriðsundi og sveit Reykjavíkur í þrisundi kvenna (31.)

LISTIR OG VÍSINDI

Menntamálaráð Íslands hefir úthlutað styrkjum handa 30 mönnum til rannsókna í náttúrufræðum (4.)

Veturliði Gunnarsson hafði málverkasýningu í Reykjavík (4.)

Sýning var haldin í Vestmanneyum á verkum nokkurra íslenskra listamanna (5.)

Frú Ásgerður Ester Búadóttir í Rvík hefir hlotið gullpening og tvö heiðurs-skjöl fyrir gripi, er hún sendi á alþjóðlega handiðnaðarsýningu í München í Þýskalandi (18.)

Leikfélag Reykjavíkur sýndi leikritið Systir María norður á Akureyri (18.)

Menntamálaráð hefir úthlutað styrkjum til 74 vísindamanna og fræðimanna (18.)

Hafsteinn Austmann hafði málverkasýningu í Reykjavík (19.)

Leiklistarskóli Þjóðleikhússins útskrifaði fimm nemendur (19.)

Sinfóníuhljómsveitin fór norður í land og hafði hljótleika bæði í Mývatnssveit og á Akureyri (5.)

Ungur söngvari, Óskar Guðmundsson, helt söngskemmtun í Reykjavík (9.)

Karлакór Reykjavíkur fór í söngför til Norðurlanda (16.)

Árni Kristjánsson píanóleikari helt tónleika á Ísafirði (19.)

Dr. Finnur Guðmundsson gerði út leiðangur upp að Hofsjökli til þess að rannsaka varp heiðargæsarinnar í Þjórsárverum. Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli lagði leiðangrinum til 2 kopta til þess að flytja menn og farangur fram og aftur (23.)

Karлакórinn Fóstbræður efndi til þriggja söngskemmtana í Reykjavík í tilefni af 40 ára afmæli sínu (23.)

Kunnur bandarískur kór undir stjórn Robert Shaw, kom til Íslands og hafði söngskemmtun í Reykjavík á vegum Tónlistarfélagsins (25.)

Varðskipið Ægir hóf síldarrann-

sóknir laugardaginn fyrir hvítasunnu, og síðan tekur hann þátt í sameiginlegum hafrannsóknum Norðurlanda, eins og undanfarin ár (26. og 29.)

Leiðangur var gerður til Vatnajökuls. Hefir hann með sér 3 snjóbíla og fer víða yfir til landmælinga, snjó-mælinga og athugunar á Grímsvötnum (31.)

FRAMKVÆMDIR

Súðavík fékk rafmagnsleiðslu frá orkuverinu á Fossum (1.)

Sumaráætlun Flugfélags Íslands um flug innan lands kom út og er svipuð og í fyrra, nema hvað ferðum verður fjölgað til Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar. Til Akureyrar verða nú þrjár áætlunarferðir á dag (1.)

Sími er nú kominn á 9/10. allra sveitarbæa í landinu og gert er ráð fyrir að allir bæir hafi fengið síma á næsta ári (1.)

Ákveðinn var staður fyrir nýu kirkjunni í Skálholti og byrjað að grafa fyrir grunni hennar (5.)

Austfirðingar keyptu togarann Keflvíking og hefir honum nú verið gefið

nafnið Vöttur. Hann er skráður á Fáskrúðsfirði (8.)

Pýzkt verkfræðingar komu hingað til þess að athuga hafnarskilyrði hjá Dyrhólaósi (8.)

Nokkrir rithöfundar hafa keypt tímaritið Eimreiðina og verður Guðmundur Gíslason Hagalín ritstjóri hennar (9.)

Pýzkt fyrirtæki hefir boðizt til þess að reisa fosfatverksmiðju í Gufunesi og lána til þess fé, sem endurgreiðist með framleiðslu verksmiðjunnar jafn óðum (9.)

Pýzkt fyrirtæki hefir tekið að sér að gera kostnaðaráætlun um hafnargerð í Þykkvabæ (13.)

Íslendingar tóku myndarlega þátt í fiskiðnaðarkaupstefnu mikilli í Kaupmannahöfn (17.)

Nýtt hús hefir verið reist fyrir byggðasafn Vestur Skafftellinga og Rangæinga að Skógum undir Eyafjöllum (18.)

Ísfirðingar hafa stofnað togara-útgerðarfélag er nefnist Hafrafell hf. — Hefir það í hyggju að kaupa diesel-togara (19.)

Tveir nýir barnaleikvællir voru opnaðir til afnota í Reykjavík, og eru þar nú 23 leiksvæði fyrir börn (19.)

Björgunarbatúrin Gísli J. Johnsen kom hingað eftir erfiða sjóferð frá Svíþjóð. Var honum vel fagnað (23.)

Lithoprent undirbýr ljósprentun af Guðbrandarbiblíu, Grallaranum, Passíusálmunum, Árbókum Espólins og Grágás (24.)

Hvalveiðar hófust hér á hvítasunnudag og voru 13 hvalir komnir á land 24.

Þjóðhátíðarnefnd fyrir Reykjavík var skipuð: Þór Sandholt, Björn Vilmondarson, Böðvar Pétursson, Pétur

Grænlenzka konan, sem flutt var frá Scoresbysundi í Landspítalann í Reykjavík. Hún er 23 ára.



Sæmundsen, Gísli Halldórsson, Erl. Ó. Pétursson, Jakob Hafstein og Jens Guðbjörnsson (31.)

FJÁRMÁL

Bankarnir buðust til þess að lána sjávarútveginum 40 milljónir króna til að leysa greiðsluvandræði hans (9.)

Vísitala framfærslukostnaðar var 181 stig í Reykjavík, en kaupgjaldsvísitala 168 stig (17.)

Niðurfjöldun útsvara í Seyðisfirði nam 1.087.000 krónum og er það 10% hærra en í fyrra (18.)

Viðskiptajöfnuðurinn við útlönd var

hagstæður um 300.000 krónur í aprílmánuði. Eftir fjóra fyrstu mánuði ársins er viðskiptahallinn nú 44.4 millj. króna (29.)

MENN OG MÁLEFNI

Árangur varð enginn af viðræðum íslenzkra útgerðarmanna og brezkra togaraeigenda um lausn löndunarbannsins í Bretlandi (1.)

Verslunarskólanum var slitið og höfðu 314 nemendur verið í verslunardeild í vetur (1.)

Stig Guldberg hefir boðið 20 íslenzkum unglingum, er lömunarveiki hafa fengið, til sumardvalar í Danmörk (3.)

Flugvél sótti til Scoresbysund grænlenzka konu í barnsnauð. Var hún flutt í Landspítalann, þar gerður á henni keisaraskurður og gekk allt vel (6.)

Unglingareglan I.O.G.T. á Íslandi átti 70 ára afmæli og var þess minnst á ýmsan hátt (8.)

Löftleiðir buðu 14 börnum frá Vestur Berlín til sumardvalar á Íslandi og koma þau í tveimur hópum (12.)

Árni G. Eylands var kosinn forseti Þjóðræknisfélagsins (13.)

Prestkosning fór fram í Vestmannaeyum og var Jóhann Hlíðar kosinn



Grettisbeltið sem fyrst var keppt um fyrir 50 árum.



**Björgunar-
báturinn
Gísli J.
Johnsen
kemur til
Reykja-
víkur**

lögmaetri kosningu. Eru nú tveir prestar í Eyum (15.)

Dirk A. Stikker hollenzkur sendiherra í London og jafnframt sendiherra á Íslandi, kom hingað og dvaldist hér nokkra daga (16.)

Fyrstu verðlaun í ritgerðasamkeppni um afmælisýningu Ásgríms Jónssonar málara hlaut Hjörtur Pálsson nemandi í Gagnfræðaskóla Akureyrar. — Tvenn aukaverðlaun voru veitt og fengu þau Lilja Jóhanna Gunnarsdóttir nemandi í Kvinnaskólanum í Reykjavík og Otto Schopka nemandi í Gagnfræðaskólanum við Vonarstræti í Reykjavík (16.)

Magnús V. Magnússon afhenti forseta Finnlands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Finnlandi (16.)

Bandarískur vísindamaður, dr. John Rowen, kom hingað og flutti fyrirlestra við háskólann (17.)

Pétur Guðmundsson hefir verið skipaður flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli (17.)

Sigurður Pétursson hefir tekið við ritstjórn Náttúrufræðingsins á 25 ára afmæli ritsins (18.)

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson skáld og rithöfundur andaðist vestan hafs, en jarðneskar leifar hans voru fluttar heim til greftrunar að Völlum í Svarfaðardal (19.)

Gunnar Thoroddsen borgarstjóri var endurkjörinn formaður Norræna félagsins (19.)

Prentsmiðja Morgunblaðsins fluttist í in nýu húsakynni þess í Aðalstræti 6. Þar þá tekin í notkun fyrsta „rotations“-prentvél hér á landi (23.)

Tíunda þing SÍBS var háð að Reykjalundi. Voru þar 83 fulltrúar. Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir var gerður að heiðursfélaga. Þórður Benedikts-

son var kosinn forseti sambandsins (26.)

Finnar hafa boðið að veita Íslendingi 245.000 marka styrk til háskólanáms eða vísinda iðkana þar í landi næsta háskólaár (26.)

Flensborgarskóla í Hafnarfirði var slitið og höfðu verið þar 218 nemendur í vetur. Við skólauppsögn var afhjúpuð brjóstmynd af Ögmundi Sigurðssyni, er nokkrir af gömlum nemendum hans höfðu gefið skólanum (26.)

Tíu ár eru liðin síðan Flugfélag Íslands hóf millilandaflug (og þá fyrst með leiguflugvél). Á þessum árum hefir það flutt 53.000 farþega milli landa (27.)

ÝMISLEGT

Hermálaráðuneyti Bandaríkjanna hefir frestað um óákveðinn tíma öllum framkvæmdum á Íslandi, sem ekki er samið um, vegna ákvörðunar Alþingis að segja upp varnarsamningnum (18.)

Sprengja frá hernámsárunum fannst uppi á Mosfellsheiði og var hún enn virk (23.)

Byssuleyfi voru tekin af tveimur mönnum, er gerzt höfðu sekir um að skjóta á sumarbústað hjá Kaldárhöfða (27.)



TILBÚIN NÖFN

ÞAÐ VERÐUR æ erfiðara fyrir lyfjabúðir að finna upp hentug nöfn á öll þau nýu lyf og samsetningar, er þau búa til. Nú hefir fyrirtæki í New York leyst þenna vanda. Það safnaði saman um 30 endingum orða, svo sem „mycin“, „ane“, „il“ o. s. frv. og lét svo eina af þessum furðuvélum, sem hafa allt að því mannsvit (robot), bæta þar við öllum þeim forskeytum, sem hægt væri að búa til. Árangurinn varð sá, að vélin skilaði 42.000 nöfnum. En þótt vélin sé afbragð að mörgu leyti, þá hefir hún enga málfræðilega þekkingu, og þess vegna komu þarna mörg orð, sem ekki er hægt að kveða að. En hún skilaði svo mörgum nothæfum nöfnum, að þau ætti að endast um mörg ár handa tannkvoðu, munnskola-vatni, töflum, hárvötnum, sápum, rakstursáburði og þess háttar.

Öll eru nöfn þessi meiningarleysa, en þau hafa á sér lærdómsblæ, og það er nog handa fólkinu.